

SAMNINGUR

um akstur í skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.

1. gr.

Samningur þessi er gerður milli Teits Jónassonar ehf kt: 520273 0349, hér eftir nefnt þjónustusali og Garðabær kt:570169-6109, hér eftir nefnt þjónustukaupi, gera með sér eftirfarandi samning

2. gr.

Þjónustusali sér um að halda uppi áætlunarakstri milli Skíðasvæðis og Garðabæjar þegar opið er á Skíðasvæðinu. Farið er frá Ásgarði um Flatarhraun í Hf., Mjódd og hjá Rauðavatni. Ekið er eftir rútáætlun Skíðasvæðana sjá. <https://skidasvaedi.is/upplýsingar/rutuaetlun/> og er Ásgarður endastöð í ferðum frá Bláfjöllum.

3. gr

Bifreiðar sem notaðar verða í samningi þessum eru vel útbúnar til aksturs í snjó.

4. gr.

Ef farþegafjöldi í Garðabæ er færri en 8 manns þá greiðist kr. 15.000 fyrir hvert útkall.

Sé um aukaferð utan áætlunar Skíðasvæðana, skal miða við lágmark 19 manns í hverri ferð og ef lágmarki er ekki náð greiðir þjónustukaupi mismuninn. Grunn gjald er kr. 3000 per farþega.

Reikningana fyrir akstur skal skilað inn við lok hvers mánaðar og greiðslu skal lokið fyrir 20. hvers mánaðar.

5. gr.

Greiðslur skv. samningi þessum skulu breytast á milli ára í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, skv. útreikingi Hagstofu Íslands. Grunnvísitalan er m.v. sept 2020. Gjaldskrá skal framreiknuð á 6 mánaða fresti.

6. gr.

Samningur þessi er ótímabundin en er uppsegjanlegur með 6. mánaða fyrirvara.

7. gr.

Komi upp ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar hans gera sitt ýtrasta til að leysa hann með samkomulagi sín á milli. Rísi mál vegna samningsins skal það rekið til Héraðsdóms Reykjaness.

Kópavogi, 11.02.2021

F.h. Garðabæjar

F.h. Teits Jónassonar ehf